

**Fylgiskjal.**

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/55/EB**

**frá 20. apríl 2004**

**um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu fóðurjurtafræja**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní  
1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja<sup>(1)</sup>, einkum  
1. mgr. a í 2. gr. og 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 66/401/EBE er skrá yfir ættkvíslir og tegundir plantna sem teljast til fóðurjurta í skilningi þeirrar tilskipunar. Í þeirri skrá eru blendingar sem koma fram við víxl hávinguls (*Festuca pratensis* Hudson) og ítalsks rýgresis (*Lolium multiflorum* Lam).
- 2) Rýmka skal gildissvið tilskipunar 66/401/EBE þannig að hún nái yfir blendinga *Festuca* spp. og *Lolium* spp.
- 3) Með framangreindri tilskipun er, að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem fræ verður að uppfylla, kveðið á um lágmarksspírunarhæfni (% af hreinu fræi) fyrir hestabaunafra (*Vicia faba* L.).
- 4) Lágmarksspírunarhæfni hestabaunafraes (*Vicia faba* L.), sem næst nú í Bandalaginu, er minni en krafa er gerð um í tilskipun 66/104/EBE.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 66/401/EBE til samræmis við þetta.
- 6) Ráðstafanimar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 66/401/EBE:

1. í stað orðanna í a-lið A-hluta 1. mgr. 2. gr.

„*Festuca pratensis* Hudson x Blendingur sem kemur fram við víxl hávinguls og ítalsks rýgresis (þ.m.t. Westerwold-rýgresi) (x *Festulolium*)“

komi eftirfarandi orð:

„*Festuca* spp. x *Lolium* spp. Blendingar sem koma fram við víxl tegunda af ættkvíslinni *Lolium* (x *Festulolium*)“

2. Ákvæðum II. og IV. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í 2. dálki í töflunni í lið I.2.A í II. viðauka komi „80“ í stað „85“ í færslunni sem varðar *Vicia faba*.
- b) Í 4. lið a-liðar og 4. lið c-liðar í I-lið A-liðar í IV. viðauka bætist eftirfarandi málsliður við:  
„Þegar um er að ræða x *Festulolium* skal tilgreina nafn tegundanna innan ættkvíslanna *Festuca* og *Lolium*“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunar-töflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB (Stjóð. EB L 165, 3.7.2003, bls. 23).